

NÝTT

Gjafabréf í bíó

...er frábær gjöf sem hentar öllum

GJAFABRÉF
Gætt þess að gjafabréfið er notað til að tryggja gæðnað og gætt þess að gjafabréfið er notað til að tryggja gæðnað.

PÚ GETUR FENÐ GJAFABRÉFIN Í ÖLLUM MIDASÖLUM SAMBÍÓANNA.

14. des. **FRED CLAUS**
21. des. **ENCHANTED**
28. des. **THE MONUMENTS MEN**
1. jan. **NATIONAL TREASURE: BOOK OF SECRETS**

JÓLAMYNDIR SAMBÍÓANNA

GÓÐA SKEMMTUN

SAMBIO.IS
REYKJAVÍK - AKUREYRI - KEFLAVÍK - SELFOSS

MÍÐA Á NETINU Á **SAMBIO.IS** (575 8900)

RAY WINSTONE ANTHONY HOPKINS JOHN MALKOVICH ROBIN WRIGHT PENN AND ANGELINA JOLIE

BEOWULF

„BEOWULF ER EINFALDEGA GULLFALLEG...“
ENTERTAINMENT WEEKLY

FACE YOUR DEMONS

SÝND Í ÁLFABAKKA, KRINGLUNNI, AKUREYRI, KEFLAVÍK OG SELFOSSI

MICHAEL CLAYTON
SÝND Í ÁLFABAKKA 7

★★★★★ 16
KVIKMYNDIR.IS
SÝND Í ÁLFABAKKA, AKUREYRI OG SELFOSSI

30 DAYS OF NIGHT

SAMBÍÓAN / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓAN / ÁLFABAKKA			
BEOWULF	kl. 5:30 - 8 - 10:30	B.1.16.árg.	3D-DIGITAL	30 DAYS OF NIGHT	kl. 8 - 10:30	B.1.16.árg.
SYDNEY WHITE	kl. 6 - 8 - 10:10	LEYFD		MICHAEL CLAYTON	kl. 8	B.1.7.árg.
AMERICAN GANGSTER	kl. 5:30 - 8:30	B.1.16.árg.		STARDUST	kl. 5:30	B.1.10.árg.
AMERICAN GANGSTER	kl. 5:30 - 8:30		LÚXUS VIP	FORELDRAR	kl. 6	Síðustu sýningar B.1.7.árg.
JESSE JAMES	kl. 10:30	B.1.16.árg.				

Háð barn-eignum



Klum Sannarlega glæsileg kona.

PÝSKA ofurfyrirsætan Heidi Klum á tvo syni með breska söngvaranum Seal auk dóttur úr fyrra hjónabandi en segist sakna þess mikið að vera ólétt. Sig langi í fleiri börn.

„Ég sakna óléttunnar mikið, auk þess sem smábörn geta verið ávanabindandi. Um leið og þau byrja að stækka fer maður að sakna þess tíma þegar þau voru lítil,“ sagði Klum í nýlegu viðtali. Fyrir þremur árum eignaðist fyrirsætan dótturina Leni með Flavio Briatore, eiganda Renault liðsins í formúlu 1 kappakstrinum, en hún segir að Seal komi fram við hana eins og hún væri sín eigin. Klum segist afar ánægð með Seal, hann sé hennar besti vinur og auk þess opni hann dyr fyrir hana.

Stærsta listasafn landsins?

AF LISTUM



Anna Jóa

Í framhaldi umræðunnar um list í almenningsrými á síðum Morgunblaðsins er ekki úr vegi að velta fyrir sér list í einkarými. Undirrituð fjallaði í pistli sl. sumar um dúkkuhús auðugarar holenskrar konu frá 17. öld en húsið felur í sér smækkaða mynd einkarýmisins þar sem getur að líta ýmis agnarsmá söfn, t.d. söfn skelja, postulíns, bóka og myndverka. Íslensk heimili fara ekki varhluta af þessari borgaralegu söfnunarhefð. Það er raunar áberandi einkenni á íslenskum heimilum hversu rík áhersla hefur verið lögð á að prýða þau með upprunalegum listaverkum, einkum málverkum en einnig öðrum listmunum eftir lærða sem leika listamenn (þ.m.t. yngstu fjölskyldumeðlimina!).

Stundum er rætt um sérstaka söfn, „sófamálverka“, eða „sófastykkja“ (eins og Laxness komst að orði), en þau birta skýrast mikilvægi málverksins á íslenskum heimilum. Ekki þarf annað en að líta á fasteignaauglýsingar dagblaðanna til að minna sig á hversu algeng málverk eru á veggjum heimilanna. Í húsnæðisauðglýsingum sést oft hin dæmigerða staðsetning stærsta (og oft dýrasta) málverksins fyrir ofan stofusöfn. Málverk á íslenskum einkaheimilum hafa vakið athygli utan landsteinanna – nú nýlega gaf bandaríska listakonan Roni Horn út bráðskemmtilega bók með myndum af Herðubreiðarmálverkum alþýðulistamannsins Stórvals (Stefáns V. Jónssonar heitins) eins og þau koma fyrir á íslenskum heimilum, m.a. í formi sófamálverka.

Sófamálverk og önnur myndlist í einkarými geta sagt okkur heimikið um fólkíð í landinu og gildismat þess. Flutningar vekja fólk gjarnan til vitundar um mikilvægi ýmissa eigna, ekki síst þeirra sem tengjast minningum um fólk, atburði og staði. Mikill áhugi kviknaði á að eignast málverk af átthögunum eða úr sveitinni við fjölskylduflutninga úr sveit í borg samfara umbreytingatímum í íslensku þjóðlífi á seinustu öld. Slík verk skipuðu oft stærstakan virðingarsess á hinu



Sófamálverk Myndin, sem tekin var á heimili Bergs og Ingibjargar J. Gíslason þar sem sést m.a. Þingvallamálverk eftir Kjarval, er ein þeirra mynda sem sýndar voru á sýningunni „Sófamálverkið“ í Listasafni Reykjavíkur árið 2001.

» Málverk eru á mörgum heimilum stöðutákn og áherslan á sannferði verkanna hefur aukist eftir Stóra fölsunarmálið.

nýja, borgaralega heimili. Þá rötudu landslagsmálverk inn á heimilin sem táknmyndir fyrir sérstöðu Íslands á tímum sjálfstæðisbaráttunnar. Hér skapaðist á tiltölulega skömmum tíma almennur myndlistaráhugi og átti listgreinin virkan þátt í sköpun nýs verðmætamats og sameiginlegra minninga.

Sé skyggnst inn á heimili afkomenda vesturfaranna – fólks sem fluttist búferlum vestur um haf – í Kanada og Bandaríkjunum sést að landslagsmálverk frá Íslandi og aðrir munir sem tengjast Íslandi, einkum minjagripir, eiga einnig þátt í móton „íslenskrar“ sjálfsmyndar, m.a. með „minningum“ sem hafa verið teknar í arf frá fyrri kynslóðum. Undirrituð hefur um árabíl í samvinnu við Ólöfu Odd-

geirsdóttur myndlistarmann safnað ljósmyndum og öðrum heimildum úr einkarými fólksins vestra sem tengjast íslenskri menningararfleifð – þetta verkfni kom í framhaldi af könnun okkar á íslenska „sófamálverkinu“ og samnefndri sýningu í Listasafni Reykjavíkur árið 2001. Vestan hafs tróna furðuvíða Herðubreið, Þingvellir og Snæfellsjökull yfir söfum, kommóðum og rúmögflum, tölvuskjám og sjónvarpstækjum – rétt eins og í gamla heimalandinu.

Á Íslandi hanga nú mörg málverk frá fyrri hluta 20. aldar á veggjum heimila sem erfðagripir. Verk „gömlu meistaranna“ ganga einnig kaupum og solum, sem og yngri listaverk. Málverk eru á mörgum heimilum stöðutákn og áherslan á sannferði verkanna hefur aukist eftir Stóra fölsunarmálið. Það þykir flott að eiga „orginal“ Kjarval eða eignast verk eftir ákveðna „dýra“ listamenn í „safnið“. Heimili landsins hýsa raunar margvegleg einkasöfn sem endurspeglar áhugasvið, smekk og myndlistarþekkingu eigendanna. Slík söfn spegla í mörgum tilvikum vinsældir listamanna í samræmi við

markaðslögmál – sem þó samræmast ekki endilega listsögulegri stöðu þeirra, þ.e.a.s. hvort verk þeirra séu í eigu opinberra listasafna.

Hin opinberu söfn gegna lykilhlutverki við móton (og síðan ritun) miðlægrar listasögu þjóðarinnar. Einkarýmið er hins vegar sköpunarvettvangur hinnar „óopinberu“ listasögu – sem vissulega mótasköpun listasafnanna. Einkarýmið felur í sér annað sjónarhorn á listasöguna – og annan túlkunarmöguleika – þar sem mörk af ýmsu tagi verða óskýr, t.d. milli lærðra og leikra listamanna, svo sem fyrr segir, og jafnframt mörk listarinnar sjálftrar. Segja má að á einkaheimilinu líti margur á listina frá sínum bæjardrym séð, í samhengi fjölskyldulífs, tómstunda og daglegs amsturs. Verk Stórvals eru kannski ekki þau sem við sjáum oftast á veggjum stóru listasafnanna – en þau skortir ekki í einkarýminu og eru í samfloti með Kjarval í heildarlistasafni íslenskra heimila, sem er stærsta listasafn landsins.

annajoa@simnet.is

Upplýsingar í síma 580 2626
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

LOTTO

Vinningstölur laugardaginn 1.12.2007

1 2 9 19 26

Bónustala 28

Jóker 0 3 3 6 2

VÍKINGA LOTTO Alltíð á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 28.11.2007

Aðaltölur 5 8 11 21 27 45

Bónustölur Ofurtala 10 35 25

Jóker 7 7 5 0 4

Fyrsti vinnigur gekk út.